Stjórn Brunavarna Suðurnesja bs.

105. stjórnarfundur

Dagsetning	15.10.2026
Tími	16:00
Fundi lauk	18:00
Staðsetning	Flugvellir 33

Stjórnarmenn boðaðir:
Gunnlaugur Kárason, Guðbergur Reynisson, Guðný Birna Guðmundsdóttir, Magnús Sigfús Magnússon, Guðmann Rúnar Lúðvíksson, Eyþór Rúnar Þórarinsson slökkviliðsstjóri og Ingvi Þór Hákonarson varaslökkviliðsstjóri. Guðjón Bragason kemur sem gestur inná fund vegna málefni 3 og 4 í dagskrá
Forföll:

Dagskrá fundar

1. Breyting á stjórn 1
2. Fjárhagsáætlun Brunavarna Suðurnesja bs 2027 -2030 1
3. Hlutfallsskipting Sveitarfélaga BS. 2
4. Fýsileikakönnun Brunavarna Suðurnesja bs. og Slökkvilið Grindavíkur 2
5. Skýrsla slökkviliðsstjóra 2
6. Gjaldskrá BS 2027 2
7. Önnur mál 2

Fundagerð

1. Breyting á stjórn

Magnús Sigfús Magnússon tók sæti sem nýr fulltrúi Suðurnesjabæjar í stjórninni. Þar sem kjósa þurfti nýjan ritara stjórnar var Guðmann Rúnar Lúðvíksson, fulltrúi Voga, kjörinn ritari.

2. Fjárhagsáætlun Brunavarna Suðurnesja bs 2027 -2030

Fjárhagsáætlun Brunavarna Suðurnesja bs. fyrir árin 2027–2030 var tekin til síðari umræðu. Frá fyrri umræðu höfðu verið gerðar breytingar sem lækkuðu áætlaðan kostnað um 4,4%. Helstu breytingar fólust í því að fresta ráðningu eldvarnaeftirlitsmanns, breyta fyrirkomulagi varaliðs í Vogum og leggja megináherslu á staðarval fyrir nýja slökkvistöð á árinu. Gerð þarfagreiningar vegna nýrrar slökkvistöðvar var jafnframt frestað.

Lögð var fram breytingartillaga um að færa rekstrargjöld milli lykla svo unnt yrði að bæta við tveimur nýjum stöðugildum í varaliði, eyrnamerktum starfseminni í Vogum. Fjárhagsáætlunin, ásamt breytingartillögunni, var borin upp til samþykktar og samþykkt samhljóða.

3. Hlutfallsskipting Sveitarfélaga BS.

Guðjón Bragason frá GB stjórnsýsluráðgjöf kynnti fyrirhugaða vinnu við mat á hlutfallsskiptingu þeirra sveitarfélaga sem standa að Brunavörnum Suðurnesja bs.

4. Fýsileikakönnun Brunavarna Suðurnesja bs. og Slökkvilið Grindavíkur

Guðjón Bragason frá GB stjórnsýsluráðgjöf kynnti fyrir stjórn Brunavarna Suðurnesja fýsileikakönnun á samstarfi Brunavarna Suðurnesja bs. og Slökkviliðs Grindavíkur. Vinna við fýsileikakönnunina var hafin að frumkvæði Grindavíkurbæjar.

5. Skýrsla slökkviliðsstjóra

Slökkviliðsstjóri fór yfir tölfræði septembermánaðar og gerði grein fyrir helstu verkefnum sem unnið hefur verið að. Þjálfun á nýjan stigabíl hefst mánudaginn 19. október. Tveir starfsmenn eru á köfunarnámskeiði sem lýkur í byrjun október og verða að því loknu sex kafarar á skrá hjá Brunavörnum Suðurnesja. Sex starfsmenn stunda framhaldsnám í sjúkraflutningum og útskrifast í vor. Fjórir starfsmenn sóttu námskeið í meðhöndlun hættulegra efna hjá Landhelgisgæslu Íslands. Stálskipið Maron GK er komið á æfingarsvæðið. Unnið er að því að tryggja legu þess og aðgengi að því fyrir veturinn. Jafnframt er unnið að endurnýjun starfsleyfis fyrir svæðið.

6. Gjaldskrá BS 2027

Slökkviliðsstjóri leggur fyrir stjórn nýja gjaldskrá fyrir árið 2027. Lagt er til að gjaldskráin hækki almennt um 2,5% og að engir nýir gjaldskrárliðir bætist við.

Borin upp til samþykktar og samþykkt samhljóða

7. Önnur mál

Fram kom ósk um að dagskrá funda bærist stjórnarmönnum fyrr. Ákveðið var að dagskrá skyldi berast stjórnarmönnum eigi síðar en þremur sólarhringum fyrir fund.